Reykjanesbær, 14.desember 2021

## 156. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12, þriðjudaginn 14. desember 2021 kl. 16.30.

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Birgir Már Bragason, Jón Haukur Hafsteinsson og Alexander Ragnarsson.

Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs og Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

## Fundargerð

1. **Glímudeild UMFN - kynning á starfsemi (2021120231)**

   Vilbert Gústafsson og Guðmundur Stefán Gunnarsson frá Glímudeild UMFN kynntu starfsemi deildarinnar sem og möguleika þess að Júdódeild Reykjanesbæjar deili aðstöðu með Glímudeildinni. Í máli Vilberts og Guðmundar kom fram að sá möguleiki sé ekki raunhæfur.

   Íþrótta- og tómstundaráð þakkar góða kynningu.

2. **Beiðni Júdófélags Reykjanesbæjar um afnot af húsnæði (2021120227)**

   Beiðni Júdófélags Reykjanesbæjar um aðstoð við að útvega æfingahúsnæði fyrir deildina.

   Erindi frestað.

3. **Umsókn Stapaskóla í forvarnarsjóð (2021020002)**

   Umsókn frá Gróu Axelsdóttur skólastjóra Stapaskóla í forvarnarsjóð til að bjóða upp á fyrirlestur um rasisma og mismunun.

   Jón Haukur Hafsteinsson vék af fundi undir þessum lið.

   ÍT ráð samþykkir erindið.

4. **Inniaðstaða Golfklúbbs Suðurnesja (2021060310)**

   Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar heimsótti væntanlega inniaðstöðu sem félagsmenn Golfklúbbs Suðurnesja eru að innrétta þessa stundina og verður tekin formlega í gagnið innan skamms.

5. **Siglingafélagið Knörr (2021120233)**

   Íþrótta- og tómstundaráð hitti forsvarsfólk Siglingafélagsins Knarrar og hlýddu á beiðni þeirra um hvernig þau sjái fyrir sér að endurreisa félagið. Einn af lykilþáttum þess er að fá aðstöðu undir bátana.

   Íþrótta- og tómstundaráð þakkar greinargóða kynningu.

6. **Fjárhagsáætlun 2022 (2021120234)**

   Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir helstu atriði í fjárhagsáætlun íþrótta- og tómstundamála 2022. Helstu atriði milli fyrri og seinni umræðu voru að hvatagreiðslur hækka úr 40.000 kr. í 45.000 kr. og að Ungmennaráð Reykjanesbæjar var úthlutað 5.000.000 kr. í þau verkefni sem þau eru að leggja áherslu á.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18.30.